

**Nd.**

**231. Frumvarp til laga**

**[109. mál]**

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

**1. gr.**

1. málsg. 144. gr. laganna orðist svo:

Varamenn þingmanna í kjördæmi þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, taka þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá, tekur sá varamannsæti, sem næstur er á listanum og ekki var áður varamaður. Varamenn landskjörinna þingmanna taka sæti eftir hliðstæðri reglu.

**2. gr.**

Varamenn fyrir þá alþingismenn, er kjörnir voru í alþingiskosningunum 24. júní 1956, skulu taka sæti á Alþingi samkvæmt reglum 1. gr.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Stjórnarskrá og kosningalög, sem nú eru í gildi, gera hvarvetna ráð fyrir því, að Alþingi sé að jafnaði fullskipað. Er reynt að tryggja það með þeim hætti, að falli þingmaður frá í einmenningskjördæmi eða segi af sér þingmennsku, fer fram kosning nýs þingmanns svo fljótt, sem við verður komið (31. gr. stj. skr., 135. gr., sbr. 143. gr. kosningalaga). Losni hins vegar sæti þingmanns, sem kosinn er hlutbundinni kosningu, eða landskjörins þingmanns, tekur varamaður sæti hans (144. gr. kosningal.). Sé kosning þingmanns úrskurðuð ógild eða þingmaður missir kjörgengi, skal skiptamarkaða, öflun frjáls gjaldeyris o. fl. Af þessum sökum er gert ráð fyrir nefndarskipun þeirri, er um ræðir í 1. gr. Aðalhlutverk nefndarinnar verður að veita úrskurðuð ógild, skal kosningin endurtekin (143. gr. kosningal.). Verði þingmannssæti af öðrum ástæðum laust, áður en kjörtímabil er á enda, fer fram uppkosning (135. gr. kosningal.).

Í 31. gr. stj. skr., sbr. 117. og 129. gr. kosningal. segir, að varamenn skuli vera jafnmargir og kjörnir þingmenn af hverjum framboðslista eða landslista. Hvergi er sagt berum orðum, hvernig með skuli fara, ef varaþingmaður fellur frá, segir af sér eða missir kjörgengi. Er þá hægt að hugsa sér þrjár leiðir. Í fyrsta lagi, að enginn taki sæti varamanns. Gæti það orðið til þess, að þingmönnum fækkaði. Slikt væri óeðlilegt og gæti haft í för með sér óheppilegar afleiðingar og bryti auk þess í bága við bókstaf og tilgang stjórnarskrár og kosningalaga. Í öðru lagi mætti hugsa sér að uppkosning færi fram. Slikt væri þó einungis hugsanlegt, ef um væri að ræða kjördæmakosna þingmenn, en ekki landskjörna.

Er þá eftir þriðji möguleikinn, sá, að næsti maður á viðkomandi framboðslista eða landslista taki sæti sem varamaður. Með þeim hætti er tryggt svo sem verða má, að ekki verði autt þingsæti, og eðlileg og sanngjörn túlkun framangreindra lagaákvæða sýnist og leiða til þess að sá háttur skuli hafður í þessum efnunum.

Hlýtur sá að hafa verið tilgangur stjórnarskrár og kosningalaga.

Rétt þykir þó að slíkt sé berum orðum fram tekið í kosningalögum og er þetta frumvarp því fram borið til þess að staðfesta þennan skilning.